

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2012

2012/EES/50/06

frá 30. apríl 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2012 frá 30. mars 2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fôður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fôður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla:
„– **32011 R 0208**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 (Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29).“
2. Eftirfarandi bætist við í 41. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008) í hluta 3.2 og 90. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008) í hluta 4.2 í I. kafla:
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0208**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 (Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 31j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í II. kafla:
„– **32011 R 0208**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 (Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 0208**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 (Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 208/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.